

SKOGAÞYRÐURINN Á NORÐURLANDI

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ 1989.

Sigurður Skúlason

1. V E D U R F A R Á R S I N S.

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Í janúar voru breytilegar vindáttir. Hámarkshiti mældist 9.1 stig, 31. janúar. Lágmarkshiti mældist -12.2 stig, 22. janúar. Meðalsnjódýpt var 30 cm., mest 72 cm., 29. janúar.

Í febrúar voru vindáttir mjög breytilegar og mældust nokkuð jafnt í mánuðinum norðan, austan og sunnanáttir. Hámarkshiti mældist 6.9 stig, 9. febrúar. Lágmarkshiti mældist -16.9 stig, 16. febrúar. Meðalsnjódýpt var 82 cm., mest 128 cm., 28. febrúar.

Í mars voru vindáttir norðlægar og vestlægar. Hámarkshiti mældist 8.4 stig, 31. mars. Lágmarkshiti mældist -17.5 stig, 16. mars. Meðalsnjódýpt 120 cm., mest 159 cm., 24. mars. Úrkomumælir og mælistika fóru á kaf í snjó 23. mars og varð að framlengja mælistiku.

Í apríl bar mest á norð og vestlægum áttum. Hámarkshiti var 8.1 stig, 30. apríl. Lágmarkshiti mældist -14.9 stig, 25. apríl. Meðalsnjódýpt var 112 cm., mest 128 cm., 3. apríl.

Í maí mældust mest suð og vestlægar áttir, þó nokkuð bæri á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 14.7 stig, 31. maí. Lágmarkshiti mældist -3.1 stig, 9. maí. Meðalsnjódýpt mældist 100 cm., mest 105 cm., 1. maí.

Í júní bar mest á suðlægum og vestlægum áttum og nokkuð á norðvestlægum áttum. Hámarkshiti mældist 18.0 stig, 17. júní. Lágmarkshiti mældist -2.2 stig, 29. júní. Grænn litur kom á lerki og birki farið að bruma 1. júní. Lerki algrænt 12. júní og birki alútsprungið 14. júní. Frost mældist 5 sinnum við jörð, mest -4.5 stig, 29. júní. Gránaði í fjöllum 26. júní.

Í júlí voru suðvestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 20.6 stig, 16. júlí. Lágmarkshiti mældist 0.6 stig, 1. júlí. Sláttur hófst í Fnjóskadal 12. júlí. Frost mældist einu sinni á lágmarksmæli við jörð -2.2 stig, 1. júlí.

Í ágúst voru breytilegar áttir og logn mældist nokkuð oft. Hámarkshiti mældist 17.9 stig, 1. ágúst. Lágmarkshiti mældist -1.1 stig, 25. ágúst. Frost við jörð mældist þrisvar sinnum mest -2.2 stig, 25. ágúst. Sölnun á stöku grein á birki 16. ágúst.

Í september var suðvestanátt tíðust. Hámarkshiti mældist 16.3 stig, 29. sept. Lágmarkshiti mældist -3.8 stig, 8. sept. Frost mældist 6 sinnum við jörð í september, mest -4.1 stig, 8. sept. Gránaði í fjöllum 16. sept. og gránaði í byggð 25. sept. Snjór mældist í 3 daga í september.

í október voru suðlægar og vestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 12.5 stig, 3. okt. Lágmarkshiti mældist -10.7 stig, 27. okt. Snjór mældist í 8 daga í október. Birki lauflaust og lerki algulnað um 4. október.

í nóvember voru sunnan og suðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9.6 stig, 15. nóvember. Lágmarkshiti mældist -13.8 stig, 19. nóvember. Snjódýpt mældist mest 16 cm. dagana 19. - 22. nóvember. Snjór mældist í 25 daga í nóvember.

í desember voru austan og suðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 12.6 stig, 1. des. Lágmarkshiti mældist -19.6 stig, 21. des., sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalsnjódýpt mældist 57 cm., mest 72 cm. 18. desember. Snjór mældist ekki í 13 daga í desember.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1989.

| | Meðalhiti C | | Úrkoma mm. | |
|-----------|-------------|----------|------------|----------|
| Janúar | -2.62 | (-6.52) | 92.2 | (83.1) |
| Febrúar | -5.51 | (-4.27) | 169.4 | (56.8) |
| Mars | -3.24 | (-4.12) | 142.9 | (32.4) |
| Apríl | -0.87 | (-3.22) | 79.1 | (74.2) |
| Mái | 3.30 | (5.61) | 22.5 | (21.8) |
| Júní | 8.91 | (10.16) | 8.1 | (18.1) |
| Júlí | 11.41 | (9.64) | 35.7 | (62.3) |
| Ágúst | 8.75 | (9.70) | 79.6 | (77.1) |
| September | 5.53 | (5.34) | 80.9 | (112.9) |
| Oktober | 2.14 | (0.97) | 32.0 | (72.0) |
| Nóvember | -1.79 | (-0.31) | 43.8 | (42.7) |
| Desember | -2.77 | (-2.52) | 103.2 | (63.1) |
| Árið | 1.93 | (1.70) | 889.4 | (716.5) |

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1988.

1.2.1. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8.65 stig, en var 8.71 stig sömu mánuði 1988.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

| | | | |
|-------|------|-------|------|
| 10.5. | -1.7 | 10.6. | -2.9 |
| 11.5. | -1.4 | 23.6. | -2.3 |
| 12.5. | -1.6 | 25.6. | -0.7 |
| 13.5. | -0.6 | 26.6. | -0.6 |
| 15.5. | -4.3 | 29.6. | -4.5 |
| 16.5. | -2.6 | 01.7. | -2.2 |
| 17.5. | -1.4 | 22.8. | -0.7 |
| 18.5. | -0.7 | 25.8. | -2.2 |
| 19.5. | -3.7 | 26.8. | -0.1 |
| 25.5. | -0.1 | 02.9. | -4.0 |
| 28.5. | -2.4 | 15.9. | -2.4 |
| 29.5. | -1.6 | | |
| 30.5. | -1.3 | | |
| 31.5. | -2.6 | | |

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20 stig.

| | |
|-------|------|
| 16.7. | 20.6 |
| 17.7. | 20.2 |
| 22.7. | 20.2 |

Mesta frost 1989 mældist 21. desember -19.6 stig.

2. VÖXTUR OG PRÍF TRJÁGRÓÐURS.

2.1 Laufgung og lauffall.

Birki byrjaði að þrútna 1. júní og orðið allaufgað 15. júní. Lerki komið með grænan lit 1.6. og algrænt 12.6.. Lauffall byrjaði á birki 19.9. og talið lauflaust að mestu 4.10. Lerki orðið algult 4.10.

2.2 Vöxtur.

Vöxtur var í góðu meðallagi og sumestaðar mjög góður. Víða sáust sprotar á greni 40-50 cm.

2.3 Fræfall.

Fræ var líklega víða í umdæminu. Birkifræ var víða mikið, en haldið var að fluga væri í því og var þ.a.l. ekki safnað miklu af því. Þó var safnað af völdum trjám í Þórðarstaðaskógi og Vaglaskógi. Víða var safnað birkifræi af sjálfboðaliðum og skólabornum og var það fræ sent að Gunnarsholti og Mógilsá.

2.4 Skaðar.

Skaðar voru ekki áberandi á trjágróðri þetta ár. Þó bar svolítið á enjóbrotum á einstaka stöðum. Í Laugabrekkustöðinni sáust skaðar á ungu birki í beðum af völdum rjúpu. Nokkuð bar á roða í barrgróðri í Skagafirði og Húnavatnssýslu, en mikið minna á Norðurlandi.

3. STARFSFÓLK.

Starfsfólk var að mestu leiti það sama og undanfarin ár. Ráðskona var Sigurlína Jónsdóttir frá Akureyri.

Verkstjórnar voru eins og áður Guðni P. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Annað starfsfólk fastráðið var eins og fyrri ár.

Sumarfólk var svipað og síðasta ár, þó heldur fleira skólafólk vegna beiðni stjórnvalda þar að lútandi.

Flest var starfsfólk u.þ.b. 30 við störf í umdæminu í einu.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 11.534.038.- sem skiptast þannig: BSRB laun kr. 1.389.975.-. Dagpeningar kr. 53.200.-

Akstur kr. 270.217.-. Aðrir laun kr. 9.820.646.-.

Ætlanarfulltrúi og hans menn héldu til á Vöglum um tíma vegna vinnu í Eyjafirði og S-Pingeyjarsýslu.

4. GIRÐINGAR.

4.1 Viðhald.

Viðhald girðinga var svipað og síðasta ár. Aðeins gert við það nauðsynlegasta.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 174.829.-, samtals 479 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 170.285.- samtals 398 vinnustundir, þar af mest vegna Þórðarstaðagirðingar eins og síðustu ár eða kr. 122.954.-, 277 vinnustundir.

í Þórðarstaðagirðingu fóru 15 staurar, 6 fet, 1 pk. lykkjur og 1 rúlla gaddavír.

í Stórhöfðagirðingu og Skuggahlöng fóru 3 staurar, 6 fet, 1 rúlla gaddavír. Þessa girðingu þarf að staura mikið upp á næstu árum.

í Sigriðastaðagirðingu fóru 30 staurar, 6 fet.

í Fellaskóg fóru 80 staurar, 6 fet, 15 járnstaurar og 2 rúllur af neti 100 m.

í Vaglaskóggargirðingu fóru 14 staurar, 6 fet.

4.2 Nýgirðingar.

Tekin var ákvörðun um að færa girðingu um Þórðarstaðaskóg ofan af fjalli og gera þess í stað veg ofarlega í skóginum, eða eins hátt og unnt er. Byrjað var á þessari framkvæmd seinni hluta sumars og rutt fyrir staði undir girðingu frá suðurgafli og norður eftir skóginum ca. 2.5 km. Við þessa framkvæmd var notuð jarðýta Skógræktar ríkisins, og var ýtustjóri Benedikt Blöndal. Á þessu ári náðust loks samningar við Kirkjumálaráðuneytið um friðun Hálsmela, sem eru 150 - 200 ha. á stærð og var girt ný girðing um 1200 m. löng og lagfærðar eldri girðingar, sem nýttust við friðun landsins.

Laun og launatengd gjöld við nýgirðingar á Þórðarstöðum og Hálsmelum voru kr. 783.126.- samtals vinnustundir 1946. Annar kostnaður var kr. 95.676.-.

í Hálsmelagirðingu fór þetta efni: 27 stk aflstaurar, 387 staurar, 6 fet. 190 staurar, 5 fet. 40 járnstaurar, 13 rúllur net 100 m. 11 rúllur gaddavír 200 m.

5. SKÓGGARHÖGG.

5.1 Viður.

Skógarhögg fór fram að mestu leyti í Þórðarstaðaskógi (úr girðingarstaði og vegaslóðum) og Vaglaskógi. Svólítið var grísjáð af lerki í Vaglaskógi og þar sem þar féll til af við var notað í girðingarstaura sem fóru í viðhald eigin girðinga.

Felldur viður:

| | | | |
|-------|-----|-----|------|
| Birki | ca. | 75 | tonn |
| Lerki | ca. | 3 | " |
| Fura | ca. | 0.5 | " |

Samtals 78.5 tonn

5.1.1 Sala girðingarstaura.

Seldir voru 10 stk af 6 feta staurum.

5.1.2 Viðarsala.

| | | |
|------------------|-------|------|
| Arinviður | 3.108 | pk. |
| Smíðaviður birki | 118 | m. |
| Birkikurl | 1.427 | kg. |
| Plattar | 2.348 | stk. |

5.1.3 Birgðir í árslok.

| | | | | |
|-----------------------|-----|--------|-------|------|
| Viður óunninn (birki) | | 21.000 | kg. | |
| Arinviður | 230 | pk. | 4.600 | kg. |
| Plattar | | | 820 | stk. |
| Birkikurl | | | 500 | kg. |

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 1.797.
Laun og launatengd gjöld kr. 744.192.

5.2 Jólatré.

Jólatré voru felld í nóvember og byrjun desember 1989, að mestu leyti. Alls voru felld 1114 jólatré á eftirtöldum stöðum.

| | <u>Rauðgr.</u> | <u>Stafaf.</u> | <u>Fjallab.</u> | <u>Blágr.</u> | <u>Samtals</u> |
|----------------|----------------|----------------|-----------------|---------------|----------------|
| Fellaskógi | 300 | | 200 | 42 | 542 |
| Reykjarhól | | 110 | | | 110 |
| Sigríðarstöðum | 52 | 4 | | | 56 |
| Vaglaskógi | 129 | 46 | 4 | 10 | 189 |
| Pórðarstöðum | 136 | 12 | | 46 | 194 |
| Ásbyrgi | 23 | | | | 23 |
| <u>Alls</u> | <u>640</u> | <u>172</u> | <u>204</u> | <u>98</u> | <u>1.114</u> |

Keyptir voru 55 Norðmannspínir, sem allir seldust. Af felldum jólatrjáum og aðkeyptum, seldust 1129 stk. Önnur fóru til starfsmanna og í frákast, vegna galla.

Seld tré:

| <u>Stærð</u> | <u>Rauðgr.</u> | <u>Stafaf.</u> | <u>Blágr.</u> | <u>Fjallab.</u> | <u>Norðm.b.</u> | <u>Samtals</u> |
|--------------|----------------|----------------|---------------|-----------------|-----------------|----------------|
| 70-100 | 68 | 29 | 18 | 33 | | 148 |
| 101-125 | 199 | 49 | 32 | 68 | 17 | 365 |
| 126-150 | 218 | 65 | 33 | 61 | 28 | 405 |
| 151-175 | 101 | 19 | 8 | 16 | 8 | 152 |
| 176-200 | 19 | 2 | 2 | 5 | 2 | 30 |
| 201-250 | 4 | 1 | 2 | | | 7 |
| 251-300 | 14 | | | 1 | | 15 |
| 301-400 | 2 | | | | | 2 |
| 401-500 | 3 | | | | | 3 |
| 501-600 | 2 | | | | | 2 |
| <u>Alls</u> | <u>630</u> | <u>165</u> | <u>95</u> | <u>184</u> | <u>55</u> | <u>1.129</u> |

Engar söluferðir voru farnar. Seld voru jólatré í gróðrarstöðinni í Laugabrekku, og gekk sú sala bærilega. Laun og launatengd gjöld v/töku, flokkunar og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 278.630. Annar kostnaður var kr. 10.728. Alls kr. 289.358.

Tekiur skiptust þannig:

| | Sala | Aðkeypt | Mismunur |
|------------------------|------------------|----------------|------------------|
| Jólatré | 1.115.947 | 74.030 | 1.041.917 |
| Innfl. og ísl. greinar | 154.907 | 105.225 | 49.682 |
| Annað | 4.940 | | 4.940 |
| Alls | 1.275.794 | 179.255 | 1.096.539 |

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1 Fræplöntur.

Fræsáning fór fram seinni hluta júnimánaðar. Sáð var í 2 dúkhús og 1 stórt hús. Sáð var lerki og stafafuru í FP 35 (alls 2113 bakka) í stóra húsið og birki í FP 60 (alls 956 bakka) í annað dúkhúsið, en í hitt dúkhúsið var sáð stafafuru, blágreni, lerki og fjallapín í beð, alls 116 m².

6.2 Dreifsetning.

Dreifsetning fór fram í júní og júlí. Dreifsettar voru 114.679 plöntur í beð, vafðar í móbönd 70.256 plöntur í apríl og maí og stungið var 60.614 viðargræðlingum í beð í júní og júlí. Dreifsetning tókst bærilega og ræting græðlinga var sémileg.

6.3 Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.529.522 og afh. styrkir fyrir kr. 589.515.

Stungið var 9.137 sumargræðlingum og pottaðar 5.485 plöntur. Seldar og afhentar voru 44.773 garðplöntur og til sölu eru áætlaðar 56.852 plöntur 1990. Garðplöntusala gekk sémilega.

6.4 Afhending skógelantna.

Afhentar voru 67.163 plöntur úr gróðrarstöðvunum.

| | |
|----------------------------|----------------------|
| Seldar skógarplöntur | kr. 1.274.153 |
| Millif. og styrkir | " 1.029.490 |
| Afh. skógl. í eigin skógl. | " 46.200 |
| Alls | kr. 2.349.843 |

6.5 Illgresiseyðing.

Illgresiseyðing var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Sprautað var með Rondup á opin svæði og götur, en með Gesatop á dreifsetningar, en það lyf gekk til þurrðar, og horfir nú til vandræða með illgresi í dreifsetningum. Unnið var einnig mikið við handhreinsun í Laugabrekku og Vöglum.

6.6 Nýframkvæmdir.

Ekki var mikið um nýframkvæmdir á árinu 1989. Þó var smíðuð vökvunarbóma í eitt stóra húsið, þar sem sáð er skógarplöntum, og smíðaðir rammar og bogar fyrir vetrardúk til að geyma bakkaplöntur yfir veturinn. Lagt var rafmagn í stóru gróðurhúsin 3 á Vöglum.

6.8 Kostnaður.

Laugabrekka

| | Kr. | Vinnustundir |
|---------------------|----------------|--------------|
| Gróðrarstöð almennt | 868.042 | 1.985 |
| " skógarplöntur | 74.526 | 192 |
| " garðplöntur | <u>279.034</u> | <u>682</u> |
| Alls | 1.221.602 | 2.859 |

Vaglin

| | | |
|----------------------------|---------------|-----------|
| Gróðrarstöð almennt | 8.537 | 17 |
| Verkstjórn | 490.907 | 993 |
| Frídagavaktir | 68.895 | 87 |
| Ræktunarbúnaður | 422.064 | 1.014 |
| Umhirða | 29.394 | 87 |
| Jarðarbætur | 16.780 | 40 |
| Vetrarumbúnaður almennt | 15.237 | 30 |
| Sáning skógplantna | 63.472 | 185 |
| Dreifsetn. berrótarplantna | 210.393 | 670 |
| Móbandsplöntur | 222.007 | 546 |
| Uppt. meðf. afgr. skógpl. | 202.185 | 578 |
| Vetrarumbúnaður skógpl. | 61.813 | 141 |
| Fjölpottar almennt | 7.440 | 17 |
| Moldarfylling fjölpottar | 136.634 | 372 |
| Sáning fjölpottar | 80.469 | 256 |
| Grisjun fjölpottar | 38.829 | 118 |
| Umhirða fjölpottar | 11.706 | 25 |
| Vetrarumbún. fjölpottar | 41.447 | 92 |
| Stiklingar útiræktun | 116.776 | 388 |
| Stiklingar inniræktun | 105.794 | 252 |
| Garðplöntur beðplöntur | 218.306 | 657 |
| Garðplöntur pottaplöntur | 738.873 | 1.981 |
| Hnauspl. í gróðrarstöð | 35.505 | 88 |
| Sala garðplantna | 242.064 | 492 |
| Vetrarumb. garðplantna | <u>16.534</u> | <u>38</u> |
| Alls | 3.602.061 | 9.164 |

Samtals Laugabr. og Vöglum 4.823.663 12.023

7. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

| | <u>Tegundir</u> | <u>Aldur</u> | <u>Kvæmi</u> | <u>Nr.</u> | <u>Fjöldi</u> |
|----------|-----------------|--------------|--------------|------------|---------------|
| Kristnes | Rússalerki | 1/2 | Imatra | C 165 | 1.400 |

Gróðursetning fór fram í júní. Laun og launatengd gjöld v/gróðursetningar voru kr. 12.555.-, 32 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA.

Ekki var unnið mikið við hirðingu plantna þetta ár. Þó vann Friðgeir Jónsson við grisjun frá plöntum í Fellsskógi, svipað og síðustu ár. Lítilsháttar var grisjað frá plöntum í Vaglaskógi.

Kostnaður við hvert skóglendi var þannig:

í Fellsskógi 120 tímar í umh. og grisjun, kr. 52.953.
í Vaglaskógi 42 tímar í umh. og grisjun, kr. 13.864.

9. BYGGINGAR.

Engar nýbyggingar voru á þessu ári í umdæminu. Aðeins var unnið við lagfæringu sem nauðsynlegt var að framkvæma á húseignum og þá helst við íbúðarhúsið í Laugarbrekku. Þar þurfti að gera við frárennslislögn í gólfi í kjallara og utan húss að lóðarmörkum. Einnig var gert við þakrennur til bráðabirgða.

10. VÉLAR OG VERKFERI.

Viðhald véla og verkfæra var í lágmarki þetta ár, eins og síðustu ár, aðeins gert við það sem aflaga fór.

Þó var gert við dráttarvél, sem staðsett er í Laugarbrekkustöðinni, hún lagfærð og máluð.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRDUM.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

| | Tegundir | Aldur | Kvæmi | Nr. | Ejöldi |
|---------------|------------|-------|--------------|-------------|---------------|
| Breiðamýri | Stafafura | 2/2 | Tuthsi Lake | C 147 | <u>4.750</u> |
| Egilsá | Birki | 2/0 | Hrafnsgerði | 842151 | 480 |
| " | Rússalerki | 2/0 | Imatra | 862191 | 2.670 |
| " | Stafafura | 2/0 | Lake Laberge | 862178 | <u>2.000</u> |
| | | | | | <u>5.150</u> |
| Jódísarstaðir | Rússalerki | 1/2 | Imatra | C 165 | 500 |
| " | Stafafura | 2/2 | Tuthsi Lake | C 147 | 3.100 |
| " | Stafafura | 2/2 | Tuthsi Lake | C 147 | <u>1.300</u> |
| | | | | | <u>4.900</u> |
| Laugafell | Stafafura | 2/2 | Tuthsi Lake | C 147 | <u>1.500</u> |
| Lindarhlíð | Rússalerki | 1/2 | Imatra | C 165 | 360 |
| " | Stafafura | 2/2 | Tutshi Lake | C 147 | <u>4.000</u> |
| | | | | | <u>4.360</u> |
| Narfastaðir | Stafafura | 2/2 | Tuthsi Lake | C 147 | <u>4.500</u> |
| | | | | <u>Alls</u> | <u>25.160</u> |

Gróðursetning fór að mestu fram í júní og júlí. Bændur í S-Ping. og Skagafirði fengu plöntur endurgjaldslaust. Ennfremur voru styrktar girðingar á Egilsá í Skagafirði og Lindarhlíð í S-Ping. Gróðursettar voru 20.010 plöntur í S-Ping. en 5.150 á Egilsá í Skagafirði. Sáu bændur um gróðursetningu sjálfir. Framkvæmdir við nytjaskóga í Eyjafirði eru í höndum Skf. Eyfirðinga. Á haustmánuðum kom í ljós galli í stafafuruplöntum, sem gróðursettar voru í S-Ping. og verður það bætt vorið 1990. Verðmæti plantna í Skagafirði var kr. 165.000 og til girðinga kr. 144.000. Verðmæti plantna í S-Ping. var kr. 660.000 og til girðinga kr. 150.000.

12. Y M I S L E G T.

12.1. Ferðalög og fundarhöld

Ferðalög og fundarhöld voru með minna móti þetta ár.

Sat starfsmannafund Sr. í Borgartúni 6, Reykjavík, dagana 15.-17. mars.

Sat fundi nytjaskógarnefndar í Eyjafirði og S-Ping., sem haldnir voru á árinu. Fór með ráðunautum í Skagafirði og A-Húnavatnssýslu til að líta á fyrihugaða staði fyrir skjólbelti.

Sat aðalfund Skf. S-Ping., sem haldinn var í Ljósveitningabúð og einnig stjórnarfundum hjá Skf. S-Ping. sem haldnir voru 1989.

Fór á aðalfund Skf. N-Ping., sem haldinn var að Svalbarði í Pistilfirði 15. júlí.

Sat starfsmannafund Skógræktar ríkisins, sem haldinn var í Munaðarnesi 29. nóv. - 1. des.

Fór með Jónatan Danielssyni að Bjargshóli í Miðfirði og leit þar á land með honum, sem fyrirhugað er að friða. Einnig kom ég við á Barkarstöðum í Miðfirði og leit þar á skógarlund.

Þetta er það helsta, sem ég vil taka fram um ferðalög og fundarhöld á árinu 1989.

12.2. Ferðafólk

Ferðafólk var margt í Vaglaskógi þetta sumar og var mest aðsókn í júlí, enda mjög gott veður dag eftir dag. Skráðar gistinætur voru í júní 1.192, í júlí 8.915 og ágúst 2.975. Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 984.800.-.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 363.988.- og vinnustundir 808. Annar kostnaður var kr. 289.534.-.

Fenginn var landslagsarkitekt, Yngvi Þór Loftsson til að gera tillögur um endurbætur á útivistarsvæði og tók hann saman á blað tillögur sínar, sem hafa verið lagðar fyrir skógræktarstjóra til athugunar. Mjög brýnt er að flýta endurbótum á útivistarsvæði, vegna aukinnar aðsóknar, svo ekki komi til lokunar tjaldsvæða vegna lélegrar aðstöðu.

12.4. Annað

Eins og ég tók fram hér að framan, kom fram galli í stafafuru, sem geymd var í frysti veturinn 1988 - 1989 og er sá galli rakinn til þess að rafmagn fór af frystinum og þær piðnuðu upp að einhverju leiti. Skemmdir þessar verða bættar vorið 1990. Ég vil svo þakka Sigurði Blöndal, skógræktarstjóra, sem lætur af störfum nú í árslok, fyrir gott samstarf og bjóða nýjan skógræktarstjóra, Jón Loftsson, velkominn til starfa. Ennfremur vil ég þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum 18. febrúar 1991